

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/415

2019/EES/6/05

frá 16. mars 2018

um frekari skyldur og verkefni fyrir tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest og um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/35/EBE, II. viðauka við tilskipun ráðsins 2000/75/EB og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/35/EBE frá 29. apríl 1992 varðandi reglur um eftirlit með og ráðstafanir gegn Afríkuhrossapest (1), einkum 18. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2000/75/EB frá 20. nóvember 2000 um sérstök ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu (2), einkum annarri málsgrein 19. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (3), einkum 5. og 6. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 15. gr. tilskipunar 92/35/EBE er kveðið á um að tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest sé tilgreind í II. viðauka við hana og hlutverk hennar og skyldur tilgreind í III. viðauka.
- 2) Í 16. gr. tilskipunar 2000/75/EB er kveðið á um að tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á blátungu sé tilgreind í A-hluta II. viðauka við hana og verkefni hennar tilgreind í B-hluta II. viðauka.
- 3) Í 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um skyldur tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins í dýraheilbrigðisgeiranum. Tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka við þá reglugerð, þ.m.t. tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest og fyrir rannsóknir á blátungu.
- 4) Sem afleiðing af tilkynningu Bretlands í samræmi við 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið þarf rannsóknarstofan sem um getur í A-hluta II. viðauka við tilskipun 2000/75/EB að hætta að gegna hlutverki sínu sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á blátungu.
- 5) Í ljósi samlegðaráhrifa tækniþekkingar, afkastagetu rannsóknarstofa og tengslamyndunar við landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur vegna erfðafræðilegs og faraldsfræðilegs skyldleika afríkuhrossapestar og blátungu ætti tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest, sem um getur í II. viðauka við tilskipun 92/35/EBE, einnig að taka að sér skyldur tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á blátungu.
- 6) *Laboratorio Central de Veterinaria — Área de Sanidad Animal*, Madrid, Spáni, hjá ráðuneyti landbúnaðar, sjávarútvegs og matvæla á Spáni, sem gegnir hlutverki tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest, ætti áfram að gegna hlutverki hennar og skyldum í samræmi við tilskipun 92/35/EBE og ætti að auki að taka við verkefnum tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á blátungu, eins og kveðið er á um í tilskipun 2000/75/EB.
- 7) Auk þess er, í kjölfar breytingar á tilteknum samskiptaupplýsingum tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest í *Laboratorio Central de Veterinaria — Área de Sanidad Animal*, Madrid, Spáni, nauðsynlegt að breyta II. viðauka við tilskipun 92/35/EBE til samræmis við það.
- 8) Heiti rannsóknarstofunnar, sem tekur við skyldum tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest og blátungu, ætti einnig að vera tilgreint sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á blátungu. Breyta ætti A-hluta II. viðauka við tilskipun 2000/75/EB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 75, 19.3.2018, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. EB L 157, 10.6.1992, bls. 19.

(2) Stjútíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 74.

(3) Stjútíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

- 9) Breyta ætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 þannig að hann vísi til tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest og blátungu.
- 10) Til að koma í veg fyrir röskun á starfsemi tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á blátungu og til að gefa nýtilnefndri tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins nægilegan tíma til að verða að fullu starfhæf þykir rétt að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, gildi frá og með 1. janúar 2019.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Laboratorio Central de Veterinaria — Área de Sanidad Animal, Madrid, Spáni skal sinna skyldum og verkefnum tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest og blátungu eins og sett er fram, eftir því sem við á, í III. viðauka við tilskipun 92/35/EBE og í B-hluta II. viðauka við tilskipun 200/75/EB.

2. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 92/35/EBE er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Ákvæðum A-hluta II. viðauka við tilskipun 2000/75/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Ákvæðum VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Í stað heitis og samskiptaupplýsinga rannsóknarstofunnar í II. viðauka við tilskipun 92/35/EBE komi eftirfarandi:

„Laboratorio Central de Veterinaria — Área de Sanidad Animal

Ctra. M-106, P.K. 1,4

28110 Algete (Madrid)

ESPAÑA“.

II. VIÐAUKI

Í stað heitis og samskiptaupplýsinga rannsóknarstofunnar í A-hluta II. viðauka við tilskipun 2000/75/EB komi eftirfarandi:

„Laboratorio Central de Veterinaria — Área de Sanidad Animal

Ctra. M-106, P.K. 1,4

28110 Algete (Madrid)

ESPAÑA“.

III. VIÐAUKI

Ákvæðum II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 2. og 9. liðar falli brott.
- 2) Eftirfarandi 21. liður bætist við:

„21. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest og blátungu**

Laboratorio Central de Veterinaria — Área de Sanidad Animal

Ctra. M-106, P.K. 1,4

28110 Algete (Madrid)

ESPAÑA“.
